

**47** og með því að hann hafði engin skilríki í höndum fyrir því að innihaldið hefði verið blandað áður en það fluttist hingað, þá hafði þjer ekki getað losað hann við tollgreiðsluna.

Nú hefir beiðandinn sent ofangreint vottorð frá A. Stelling og takið þjer fram að þjer finnið ekki ástæðu til að vefengja það að sendingin sje hin sama, sem ræðir um í vottorði Stelling, þóað hún sje þar talin 10 pottar, en á tollskránni 12 pottar, þvíað slík ónákvæmni komi allopt fyrir á tollskrám og beiðandinn hafi með nefndu skipi enga aðra sendingu fengið, er spurning gæti verið um að heimta toll af.

Í 1. gr. tolllaganna 2. lið er ákveðið að engan toll skuli greiða af 16<sup>o</sup> vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar og gjörður óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, og takið þjer fram, að væntanlega beri að fylgja sömu reglu, ef það sannast að slíkur vínandi hafi verið gjörður óhæfur til drykkjar áður en hann var aðfluttur, en þá komi það aptur til álíta hvort sú sönnun verði aðeins fengin með rannsókn og vottorði yfirvalds eða hvort yfirlýsing sendanda, eins og sú, er beiðandi hefir fengið frá A. Stelling, verði álitin nægileg í því efni. Verði hið síðara álitit, ætti beiðandi að fá tollinn endurgoldinn en annars ekki.

Útaf þessu er yður hjermeð til vitundar gefið að stjórnarráðið er þeirrar skoðunar að yfirlýsing sendanda eins og sú, er beiðandi hefir fengið frá A. Stelling, geti alls ekki álitizt nægileg sönnun fyrir því að umræddur vínandi hafi verið gjörður óhæfur til drykkjar og að slík sönnun verði aðeins fengin með rannsókn og vottorði yfirvalds.

Samkvæmt þessu finnur stjórnarráðið ekki ástæðu til að taka til greina hina framkomnu beiðni um endurgjald á tolli af umræddri sendingu.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til birtingar fyrir beiðandanum.

**48**  
14. apríl

**Brjef stjórnarráðsins til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu um varnir gegn fjársamgöngum yfir Hjeraðsvötnin.** Jafnframt því að senda hingað útdrátt úr fundargjörðum sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu frá 5. f. m. viðvíkjandi vörnum gegn fjársamgöngum yfir Hjeraðsvötnin til að fyrirbyggja að fjárkláði berist austur yfir Vötnin, hafði þjer, herra amtmáður, í brjefi dags. 19. f. m. mælt með því, að stjórnarráðið vildi taka tillögur sýslunefndarinnar í þessu efni til greina og vegna naumleika tímans skrifa sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu beint þessu viðvíkjandi, en tillögur sýslunefndarinnar eru svo hljóðandi:

1. Að bannaður verði fjárflutningur yfir Hjeraðsvötnin á næstkomandi sumri, sjerstaklega verði algjörlega bannað að reka fje, sem uppalið er eða hagvant að austanverðu við Hjeraðsvötn vesturyfir vötnin.
2. Að allar þær kindur, vestan Hjeraðsvatna, sem líkindi eru til að sæki austur yfir Vötn, verði á næstkomandi vori baðaðar fulltryggri útrýmingu.

arböðun og að því búnu reknar austur yfir Vötnin.

3. Að allt sauðfje austan Hjeradsvatna verði auðkennt með glöggu tjörumerki, 14. apríl  
fullorðið fje við síðari fjárskodun, sem fyrirskipað verður í vor, og aptur  
umleið og það er tekið úr ullu ef þurfa þykir, en unglömb umleið og  
þau eru mörkuð.

Á hinn bóginn sje bannað að tjörumerkja nokkra sauðkind vestan Hjer-  
adsvatna á næstkomandi vori.

4. Að skipaðir verði varðmenn til að varna fjársamgöngum yfir Hjerads-  
vötnin:

- a. 6 menn, er sjeu ráðnir frá því sauðfje er sleppt að vorinu þangað  
til fje er almennt tekið til hýsingar að haustinu, og hafi þeir á hendi  
gæzlu á þessum stöðvum:

Einn maður frá austurós Hjeradsvatna fram að Holtskvísl.

Einn maður frá Holtskvísl fram að Stokkhólma.

Einn maður frá Stokkhólma fram að Litladal.

Einn maður frá Litladal fram að Ármótum.

Einn maður frá Ármótum fram að Skatastöðum.

Einn maður frá Skatastöðum fram að Keldudal.

- b. 1 maður, er sje ráðinn frá miðjum maí til fyrri gangna, og hafi á  
hendi gæzlu fyrir framan Keldudal.

- c. 2 menn, er sjeu ráðnir frá miðjum júní til fyrri gangna, og hafi á  
hendi gæzlu fyrir framan Keldudalsvarðstöðvar, beggja vegna við  
Orravatnarústir.

5. Að bændum, er búa fram með Hjeradsvötnunum að austanverðu, sje gjört  
að skyldu, að hafa vakandi auga á, ef kindur sleppa austuryfir Vötnin,  
og þegar í stað taka þær fastar og koma þeim vesturyfir í hendur þess  
varðmanns, sem næstur er.

6. Að bændum þeim, er búa vestan fram með Hjeradsvötnum í Hegransi,  
Borgarsveit, Vallhólmi, Tungusveit og Austurdal, verði gjört að skyldu  
að aðstoða varðmennina eptir föngum. Sjerstaklega ættu þeir að hafa  
stöðugar gætur á, ef geldkindur koma saman við kvíffe þeirra eptir frá-  
færur, og jafnskjött taka þær fastar og geyma, þar til er þeir geta afhent  
þær næsta varðmanni, er svo annast um rekstur þeirra til fjalla, eða  
vesturyfir Svartá.

7. Að stranglega verði bannað að reka norður til Eyjafjarðar það fje, sem  
kemur í fjárleitum Eyfirdinga í fremri hluta Nýjabæjarafrettar, á næsta  
hausti, nema þvíadeins, að það sje áður nákvæmlega skodað og vissa  
sje fengin fyrir, að engin kind vestanyfir Jökulsá eystri hafi komið sam-  
anvið það.

8. Að brúnni á Austurvötnunum verði lokað fyrir öllum fjársamgöngum yfir  
brúna.

Í tilefni af þessu hefir stjórnarráðið í dag tilkynnt sýslumanninum í Skaga-  
fjardarsýslu, að það fallist á að gjörðar verði ráðstafanir þær, sem farið er fram

**48** á i framanskráðum tillögum sýslunefndarinnar, og jafnframt falið honum að  
14. apríl annast um framkvæmdir á þeim.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir framkvæmdarstjóra O. Myklestad.

## Samþykkt

fyrir

### Strandasýslu um kynbætur hesta.

**49** Sýslunefndin í Strandasýslu hefir samkvæmt lögum 11. desbr. 1891, um  
5. apríl samþykktir um kynbætur hesta, og viðaukalögum 20. desbr. 1901 við nefnd lög, gjört eptirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta:

1. gr.

Nefnd þriggja manna skal vera í hreppi hverjum, er hefir á hendi eptirlit með kynbótum hesta samkvæmt því, sem ákveðið er í gildandi lögum um það efni og í samþykkt þessari. Skulu hreppstjórar á hausthreppaskilum ár hvert láta kjósa í nefnd þessa. Kjörgengir í nefndina eru allir karlmenn í hreppnum, 20 ára og eldri, en kosningarrjett hafa þeir aðeins, er þann rjett hafa eptir sveitarstjórnarlögnum. Kosning hvers nefndarmanns helzt frá næsta nýári á eptir og er til 3 ára, þó þannig að af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, gengur einn úr nefndinni að ári liðnu og annar eptir 2 ár, að viðhöfðu hlutkesti. Sá sem gegnt hefir nefndarstörfum í 3 ár samfleytt, er ekki skyldur að taka við endurkosningu fyr en eptir eitt ár.

2. gr.

Kynbótanefndin kys formann úr sínum flokki. Hann boðar nefndina á fund, að minnsta kosti tvisvar á ári, vor og haust, og stjórnar fundum og framkvæmdum nefndarinnar. Að öðru leyti skipta nefndarmenn verkum með sjer eptir samkomulagi. Hreppssjóður leggur nefndinni til gjörðabók, og skal í hana rita fundargjörðir og skýrslur um árlegar framkvæmdir nefndarinnar. Skýrsluna undirritaða af öllum nefndarmönnum, sendir formaður sýslunefndinni fyrir hver árslok.

3. gr.

Kynbótanefndin sjer um, að graðhestar nægilega margir sjeu til handa hreppnum, hæfilegir til undaneldis.

4. gr.

Við val á graðhestum til undaneldis skal þess gætt, sem hjer segir :

1. að þeir sjeu af sem allra beztu kyni, sem kostur er á, í báðar ættir, og ekki getnir af náskyldum foreldrum t. d. mæðginum eða systkinum.
2. að þeir sjeu fríðir, gjörfulegir, vel vaxnir og sem líkastir foreldrunum.